

Lestrarstefna og viðmið í lestri á miðstigi



Lestrarkennsla er mikilvægt viðfangsefni bæði heimila og skóla. Nútímasamfélag gerir kröfur til þess að við séum vel læs á margs konar texta hvort sem þeir birtast á hefðbundinn hátt í rituðu máli eða nútímalegri máta svo sem á rafrænu formi á skjám ýmissa algengra tækja.

Þjálfður lestur byggist á því að lesandinn nái góðum tókum á þrenns konar færni :

- Hann þarf að eiga auðvelt með að greina hið flókna samspil bókstafa og hljóða til að geta umskráð orðin sem síðan festast smám saman í sjónrænu orðasafni hugans.
- Hann þarf að hafa góðan málskilning og góðan orðaforða til þess að skilja merkingu textans.
- Hann þarf að hafa góða lesfimi, geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust til að geta beint athyglinni að innihaldi lestextans.

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum og markmiði. Forsenda lesskilnings er góður orðaforði og málskilningur. Minnið hefur veigamiklu hlutverki að gegna, en það sem mestu skiptir eru þó þær námsaðferðir sem nemandinn beitir við lesturinn.

Góð lestrarkunnátta er undirstaða fyrir góðum námsárangri nemenda til framtíðar.



Viðmið skóla

Í Hvolsskóla göngum við út frá eftirfarandi viðmiðum í lestri. Viðmiðin sýna hversu mörg atkvæði á mínútu er ætlast til að nemendur geti lesið um að vori. Viðmiðin taka mið af því hversu færir nemendur þurfa að vera í lestri til að geta lesið sér til gagns og gamans og til þess að vera færir um að lesa það námsefni sem þeir þurfa að komast yfir. Ef viðmiðum er ekki náð þarf að huga að því hvað veldur. Oft er um þjálfunarleysi að ræða sem vinna má bót á ef allir taka höndum saman.

Viðmið í lestri á miðstigi 5. – 7. bekkur á hraðlestarprófi

5. bekkur -Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 90 orð/mín. Almenn viðmið 140 orð/mín.
Metnaðarfull viðmið 160 orð/mín.

6. bekkur -Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 105 orð/mín. Almenn viðmið 155 orð/mín.
Metnaðarfull viðmið 175 orð/mín.

7. bekkur -Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 120 orð/mín. Almenn viðmið 165 orð/mín.
Metnaðarfull viðmið 190 orð/mín.

Miðað er við hraða að vori/maí fyrir hvern árgang.

	Lestarfærni barna getum við skipt uppí tíu flokka, frá því að vera forstig hjá 3-5 ára börnum í sjálfstæðaðan og öruggan lestur hjá 14 ára og eldri. <u>Nemendur á miðstigi eru í flokkunum; samtenging – komin vel á veg – og nálgast fluglæsi.</u>
Lestarfærni	Að nemandi á miðstigi:
Samtenging 8-10 ára	*Les meðal þungar bækur. *Les upphátt með mismunandi blæbrigðum. *Velur lesefni eftir getu. *Notar yfirlitslestur . *Eykur orðaforða sinn. *Ræðir umgjörð, söguþráð, persónur og sjónarhorn. *Gerir greinamun á staðreyndum og skáldskap í rituðum texta. *Geti tekið þátt í bókmenntaumræðum milli hópa. *Lesi upplýsingar úr gröfum, listum, töflum og kortum.
Komin vel á veg 9-11 ára	*Les barnabækur sem reynir á færni í lestri. *Les fjölbreyttan texta áheyrulega og á viðeigandi hraða. *Les æ lengur í hljóði (30- 40 mín.). *Byrjar að nota orðabækur, greinar úr blöðum, netið og heimildatexta til að afla sér upplýsinga og auka orðaforða. *Þjálfar nýjan orðaforða munnlega og skriflega í tengslum við bókmenntir. *Er farin að öðlast dýpri skilning á texta og lesa á milli lína. *Mælir með bókum við aðra. *Er farin að setja sér markmið og veit hvernig hann getur aukið

	lestrarfærni sína.
Nálgast fluglæsi 10-13 ára	* Les smásögur, frásagnir, ævintýri, goðsagnir, þjóðsögur og ljóð. * Byr sér til áætlun við val á lesefni. * Les upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum. * Nýtir sér fræðibækur, greinar og netið við heimildavinnu. * Ræðir um bókmenntir með tilliti til stíl, fléttu, aðalpersóna og boðskapar. * Þekkir bókmenntahugtök (líkingar, myndlíkingar, persónugervingar og forspá). * Kafar eftir dýpri skilningi með því að lesa á milli lína. * Les sér til ánægju 😊

 Hlutverk skóla	 Hlutverk heimilis
• Mæta hverjum nemanda á hans forsendum. • Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga. • Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í lestrarkennslu. • Láta nemendur lesa upphátt 3-4x í viku að lágmarki. • Vera vakandi yfir framförum nemandans og leita leiða ef þær eru of hægar. • Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga. Lestrarkennsla er samvinnuverkefni skóla og heimilis.	• Sýna lestrarnámi barnsins áhuga. • Láta barnið lesa upphátt 4-5x í viku. • Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga. • Vera vakandi yfir framförum barnsins og leita leiða ef þær eru of hægar. • Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga. Lestrarkennsla er samvinnuverkefni heimilis og skóla.

Viðbrögð ef lestrarnám gengur hægar en vonir stóðu til

Ef framfarir í lestri eru hægar og ekki gengur eins vel og til stóð, þarf að grípa til úrræða:

- Foreldrar og umsjónarkennari þurfa að ræða málin og ganga fyrst af öllu úr skugga um að nemandi sé að fá nægjanlega þjálfun, bæði í skóla og heima fyrir, skoða hvort nálgast þurfi lestrarnám nemandans á annan hátt og hvort hann þarfnist e.t.v. tímabundinnar sérkennslu.
- Ef veikleikar virðast vera í lestrinum þrátt fyrir þjálfun er eðlilegt að vísa málinu til kennsluráðgjafa sem leggur fyrir greiningarpróf.
- Út frá skilum og leiðbeiningum kennsluráðgjafa er unnið áfram með barnið.

Próf í lestri / leskilningi á miðstigi

- Samræmd könnunarpróf hjá 7. bekk í íslensku að hausti (lesskilningur).
- Hraðlestrarpróf í öllum bekkjum í september, janúar, og maí.

